

um helgina



Rætt um millilandafrumvarpið. Jón Hjartarson og Emil G. Guðmundsson, Adalsteinn Bergdal og Hjalti Rögnvaldsson í Ofvitannum.

leiklist


Síðustu forvöð að sjá Ofvitann

Nú eru allra síðustu forvöð að sjá sýningu Leikfélags Reykjavíkur á Ofvitannum eftir Þórberg Þórðarson og Kjartan Ragnarson, því að nú eru aðeins tvær sýningar eftir og er sú fyrri á sunnudagskvöldið. Sýningin á Ofvitannum er nú komin í röð allra vinsælustu verka Leikfélagsins, sýningar að nálgast 190. Það er höfundur sem leikstýrir en í hlutverki Þórbergs eru

Jón Hjartarson og Emil Gunnar Guðmundsson og hlutu þeir á sínum tíma einróma lof fyrir túlkun sína. Tónlistin við sýninguna er eftir Atla Heimi Sveinsson en leikmynd gerði Steinþór Sigurðsson.

I kvöld, er svo Jói Kjartans Ragnarssonar á fjöllumum og er uppselt á þá sýningu að vanda.

Revían Skornir skammtar eftir þá Jón Hjartarson og Þórarín Eldjárn er sýnd á miðnætursýningu í Austurbæjarbíói á laugardagskvöldið en revían var fyrir skömmu endurbætt og ný atriði sett inn. Það er Guðrún Ásmundsdóttir sem leikstýrir revíunni en margir helstu leikarar Leikfélagsins taka þátt í sýningunni, þeirra á meðal Gísli Halldórsson, Guðmundur Pálsson, Sigríður Hagalín, Karl Guðmundsson, Soffía Jakobsdóttir, Harald G. Haraldsson o.fl.



„Uppgjörð“ leikið fyrir starfsmenn Landsmiðjunnar.

Uppgjörð sýnt 35 sinnum

Uppgjörð, sýning Þjóðleikhússins, hefur nú verið sýnd 35 sinnum á ýmsum vinnustöðum og í skólum og hafa 3.500 til 4.000 áhorfendur séð sýninguna. Höfundur er Gunnar Gunnarsson, en leikstjóri Sigmundur Örn Arngrímsson. Leikendur eru Edda Þórarinsdóttir og Guðmundur Magnússon, en tónlist samdi Karólína Eiríksdóttir.

Sýningin hefur eins og fyrr segir fengið mjög góðar viðtökur gagnrýnenda og almennings og hafa oft skapast fjörugar samræður að loknum sýningum. Mikil eftirspurn er eftir „Uppgjörinu“ og þeir sem vilja panta sýninguna geta haft samband við skrifstofu Þjóðleikhússins, sími 11204.

„Elskaðu mig“ í þrítugasta sinn

I kvöld er 30. sýning Alþýðuleikhússins á leikriti Vitu Andersen „Elskaðu mig“. Það hefur nú verið sýnt við mikla aðsókn frá því í byrjun nóvember.

Vita Andersen og verk hennar hafa vakið gífurlega athygli og umræðu allt frá því að fyrsta bók hennar kom út 1977. Í janúar sl. gisti hún Ísland í boði ýmissa félagasamtaka og kom þá í ljós að addáendahópur hennar hér á landi er verulegur. Elskaðu mig fjallar um þau Maj og Tom Frank, sem vinna hjá sama fyrirtækinu, en fara síðan að búa saman. Það eru Tinna Gunnlaugsdóttir og Arnar Jóns-



Arnar Jónsson og Tinna Gunnlaugsdóttir í hlutverkum sínum í „Elskaðu mig“.

son, sem fara með hlutverkin tvö í leiknum en aðrir, sem að sýningunni standa eru Bjarni Ingvarsson, Dóra Einarisdóttir, Eggert Þorleifsson, Grétar Reynisson og Sigrún Valbergsdóttir.


Sýningin í kvöld hefst kl. 20.30.

myndlist

Steinunn, Karl og Einar að Kjarvalsstöðum

Þann 27. febrúar hófust á Kjarvalsstöðum þrjár málverkasýningar. Þær standa allar til 14. mars. Þeir sem sýna eru Einar Hákonarson sem er með málverk í vestursal. Steinunn Þórarinsdóttir er með skulptúr og myndverk í vestur-forsal og Karl Júlíusson er með myndverk í austur-forsal.

Sýningarnar eru allar á sama tíma, frá kl. 14 hvern dag til kl. 22.



Steinunn Jóhannesdóttir sýnir skulptúra og myndverk á Kjarvalsstöðum. (Ljós. — gel.)

Tvær sýningar í Nýlistasafni

Fimmtudaginn 4. mars voru opnaðar samtímis tvær sýningar í Nýlistasafninu við Vatnsstíg 3b. Fyrst er að nefna sýningu Hollendingins Robin van Harreveld, sem fékkst fyrr aðallega við kvikmyndagerð en hefur nú síbustu ár stundað ljósmyndun. Verkin sem Robin sýnir nú hafa áður verið sýnd í Galleri Lóu í Amsterdam.

Ingólfur Arnarsson sýnir 5 nýleg verk unnin í hin ýmsu efni. Verkin eru hugsuð sem nokkurs konar heild, þar eð þau vísa sterklega til hvors annars og tengjast innbyrðis. Þetta er önnur einkasýning Ingólfs hér á landi.

Sýningarnar eru opnar daglega frá 16—22 og frá 14—22 um helgina. Henni lýkur þann 11. mars.

Gullsmiðir í Listmunahúsi

I dag laugardaginn 6. mars, verður opnuð all sérstæð sýning í Listmunahúsinu, Lækjargötu 2. Sýning þessi sem heitir „Gengið í smíðju“ gefur örlitla innsýn í tómsmiðar gullsmiða hér á landi. Ætlunin er einnig að koma fyrir í einum salnum vinnuborði og skiptast gullsmiðir á um að sitja þar við vinnu sína fyrir framan sýningar-gesti.

Hlutir þeir sem þarna eru sýndir eru almennt ekki til sölu í verslunum gullsmiðanna og gefst því fólki gott tækifæri til að eignast myndverk og sérsmiðar sem ekki eru almennt á boðstólum. Öll verkin eru til sölu og er verð verkanna æði misjafnt, allt frá krónum 2.000.- til rúmlega 200.000.- Verkin eru unnin í hin ólíkustu efni, svo sem gull, silfur, eir, látun, járn, gips og fleira.


Þarna er um að ræða lágmyndir, skulptúra, skartgrip og borðbúnað.

22 gullsmiðir taka þátt í samsýningunni og gefur hún því ágæta mynd af því sem íslenskir gullsmiðir hafast að „á bak við tjöldin“.

Sýningin stendur til 28. mars og er opin virka daga frá kl.



Ein mynda Einar Hákonarsonar á sýningunni.



Karl Júlíusson sýnir myndverk að Kjarvalsstöðum. Hér er hann við eitt verka sinna. (Ljós. — gel.)



10.00 - 18.00, laugardaga og sunnudaga frá kl. 14.00 - 22.00. Lokað á mánudögum.

Þess má geta að á þessum sama stað, í Lækjargötu 2, var starfrækt um árabil gullsmiðavinnustofa og verslun Arna B. Björnssonar.

Grafík í Gallerí Lækjartorgi

Ingiberg Magnússon opnar sýningu á verkum sínum í dag laugardag kl. 16 í Gallerí Lækjartorgi.

Hann hefur haldið 2 einkasýningar í Reykjavík, ennfremur einkasýningar á Ísafirði, Egilsstöðum og Akranesi, og tekið þátt í fjölda samsýninga, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Póllandi, Vestur-Þýskalandi og U.S.A..

Myndir Ingibergrs eru flestar hverjar grafík, en 9 teikningar verða á sýningunni.

Sýningin verður opin virka daga á venjulegum verslunartíma, laugard. kl. 14 - 18 og sunnud. kl. 14 - 22.

tónlist

Sinnhoferkvartett í Bústaðakirkju

Sinnhofer-strengjakvartettinn þýski leikur á tvennum afmælistónleikum Kammermúsikklúbbsins. Fyrri tónleikarnir eru í Bústaðakirkju á sunnudagskvöld kl. 20.30 og verða þá flutt verk eftir Werner, Beethoven og Brahms. Seinni tónleikarnir eru á sama stað á þriðjudagskvöld.

Ýmislegt í Norræna húsinu

Ýmislegt er á döfinni hjá Norræna húsinu um þessa helgi. Litlilega er drepib á bókmenntakynningunni sem verður í dag kl. 16, en einnig má nefna að kl. 14 í dag verður sýnd sænsk mynd, „Samarnir — ein þjóð í fjórum löndum“. Myndin er 58 mínútna löng og er með ensku tagi.

Á sunnudeginum kl. 14 verður haldinn fundur í félagi



Söngflokkurinn „Hrim“ leikur og syngur í Norræna húsinu kl. 17 á sunnudag. Tónlist „Hrim“ flokkast undir ýmsar stefnur, þó mest beri á frumsamdrí visnatónlist. Skoskir og írskir rælur skipa líka öndvegissess í prógrammi flokksins.

Menningar og frídarsamtaka íslenskra kvenna. Söngflokkurinn Hrim flytur visnasöng kl. 17 og á sama tíma hefst sænsk litmynd, „Við erum Samar“. Hún tekur 24 mínútur í sýningu, en höfundar hennar eru Birgitta Hedin og Boris Eriksson.